



Viðtakandi: Mannréttindaráð
Sendandi: Mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 9. apríl 2026

MSS25090012

UMSÖGN

Mat á stöðu innleiðingar Barnasáttmála

Forsaga málsins:

Á fundi mannréttindaráðs þann 16. október 2025, var lögð fram samþykkt borgarstjórnar frá 16. september 2025, um breytingartillögu borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands, við tillögu Framsóknarflokksins um að Reykjavík yrði barnvænt sveitarfélag, þar sem mannréttindaráði var falið að meta stöðu á innleiðingarferli barnasáttmálans. Að því loknu meti ráðið hvort rétt sé að næstu skref verði að Reykjavíkurborg innleiði formlega verkefnið barnvænt sveitarfélag.

Mannréttindaráð samþykkti málmeðferðartillögu þess efnis að fela mannréttindaskrifstofu að meta stöðu á innleiðingarferli barnasáttmálans þvert á svið og starfsstöðvar borgarinnar. Mannréttindaskrifstofa óskaði því eftir umsögn frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði um mat á stöðu innleiðingar Barnasáttmálans innan Reykjavíkurborgar með bréfi skrifstofunnar dags. 31. október 2025.

Umsögn mannréttindaskrifstofu:

Umsagnir sviðanna leggja áherslu á að Reykjavíkurborg er komin langt á veg við að innleiða Barnasáttmála í skóla- og frístundastarfi, þar sem unnið er eftir skilgreindu líkani í samstarfi við UNICEF, og á velferðarsviði þar sem réttindi barna eru leiðarljós í verkefnum sviðsins.

Til að tryggja heildstæða og samræmda innleiðingu á öllu starfi borgarinnar er mikilvægt að samhæfing milli sviða sé eflað líkt og gert hefur verið með verkefninu Betri borg fyrir börn.

Heildarmyndin er engu að síður sú að borgin vinnur markvisst að því að tryggja börnum vernd, þátttöku og farsæld í samræmi við Barnasáttmálann og ekki er ljóst hverju formleg innleiðing barnasáttmálans myndi bæta þar við.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Bréf mannréttindaskrifstofu dags. 31. október 2025

Umsögn skóla- og frístundasviðs dags. 17. nóvember 2025

Umsögn velferðarsviðs dags. 10. desember 2025



Reykjavík



Reykjavík, 31. október 2025

MSS25090012

Skóla- og frístundasvið

Mat á stöðu innleiðingar barnasáttmála

Á fundi mannréttindaráðs þann 16. október 2025, var lögð fram meðfylgjandi samþykkt borgarstjórnar frá 16. september 2025, um breytingartillögu borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalístaflakks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna við tillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, um að Reykjavíkurborg verði barnvænt sveitarfélag.

Samþykkt var svohljóðandi málsmeðferðartillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalístaflakks Íslands:

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að fela mannréttindaskrifstofu að meta stöðu á innleiðingarferli barnasáttmálans þvert á svið og starfsstöðvar borgarinnar. Við vinnuna verði lögð sérstök áhersla á hópa jaðarsettra barna til að meta betur mögulegan viðbótarávinning sem gæti falist í vottun um barnvænt samfélag. Niðurstöður verða kynntar og lagðar fyrir mannréttindaráð.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi borgarinnar hafa víðtæk áhrif á börn. Hvort sem um ræðir skipulag hverfa, samgöngur, menntun eða félagsþjónustu. Því er mikilvægt að „barnaréttindagleraugun“ séu ávallt uppi og aðkoma barna að ákvörðunartöku sé aukin. Verkefnið barnvænt sveitarfélag felur í sér markvissari innleiðingu á barnasáttmálanum og er grundvallarbreyting á því hvernig við högum stefnumótun borgarinnar og forgangsriðun. Við undrumst afgreiðslu meirihlutans á málinu sem kom með breytingatillögu um að ávinningur verkefnisins verði skoðaður á sama tíma og meirihlutinn segist vera hlynntur því að barnasáttmálinn sé markvisst og kerfislega innleiddur í Reykjavíkurborg. Það felur í sér algjört metnaðarleysi. Hér hefði verið tækifæri fyrir borgarstjórn að standa saman að því að setja hagsmuni barna í fyrsta sæti.

Óskað er því eftir umsögn frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði um stöðu á innleiðingarferli barnasáttmála.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Afrit:
Velferðarsvið

Hjálagt:
Afgreiðslubréf skrifstofu borgarstjórnar



Mannréttindaráð

Reykjavík, 18. september 2025

MSS25090012

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 16.9.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að Reykjavíkurborg verði barnvænt sveitarfélag

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg hefji vinnu við að verða þátttakandi í verkefninu barnvænt sveitarfélag. Borgarstjórn felur borgarráði að kynna verkefnið innan Reykjavíkurborgar og fyrir Reykjavíkurráði ungmenna eins og reglur um barnvænt sveitarfélag kveða á um. Að því loknu verði tillaga um formlega innleiðingu á barnvænu sveitarfélagi lögð fyrir borgarstjórn.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistasflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela mannréttindaráði að meta stöðu á innleiðingarferli barnasáttmálans og hvaða viðbótarávinningur felist í vottun um barnvænt samfélag. Að því loknu meti mannréttindaráð hvort rétt sé að næstu skref verði að leggja til að Reykjavíkurborg innleiði formlega verkefnið barnvænt sveitarfélag.

Breytingatillagan er samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistasflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Borgarfulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi borgarinnar hafa víðtæk áhrif á börn. Hvort sem um ræðir skipulag hverfa, samgöngur, menntun eða félagsþjónustu. Því er mikilvægt að „barnaréttindagleraugin“ séu ávallt uppi og aðkoma barna að ákvörðunartöku sé aukin. Verkefnið barnvænt sveitarfélag felur í sér markvissari innleiðingu á barnasáttmálanum og er grundvallarbreyting á því hvernig við högum



Reykjavík



stefnumótun borgarinnar og forgangsöröðun. Við undrumst afgreiðslu meirihlutans á málinu sem kom með breytingatillögu um að ávinningur verkefnisins verði skoðaður á sama tíma og meirihlutinn segist vera hlynntur því að barnasáttmálinn sé markvisst og kerfislega innleiddur í Reykjavíkurborg. Það felur í sér algjört metnaðarleysi. Hér hefði verið tækifæri fyrir borgarstjórn að standa saman að því að setja hagsmuni barna í fyrsta sæti.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Allt frá því að Alþingi lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins árið 2013 hefur Reykjavíkurborg unnið að því að tryggja að öll starfsemi borgarinnar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af þessari lögfestingu. Nú síðast samþykkti borgarráð þann 7. nóvember 2024 samning við UNICEF um samvinnu vegna innleiðingar réttindaskóla. Í framhaldinu getur mannréttindaráð nú skoðað vel hversu langt innleiðing barnasáttmálans sé komin þvert á svið og starfsstöðvar borgarinnar með sérstöku tilliti til jaðarsettra hópa barna. Þá verður hægt að meta viðbótarávinning sem geti falist í vottunarferli vegna barnvæns sveitarfélags og ákveða næstu skref.

- Kl. 15:34 tekur Árelía Eydís Guðmundsdóttir sæti á fundinum og Þorvaldur Daníelsson vísar.

Þórhildur Lilja Ólafsdóttir
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að Reykjavíkurborg verði barnvænt sveitarfélag



Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að Reykjavíkurborg verði barnvænt sveitarfélag

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg hefji vinnu við að verða þátttakandi í verkefninu barnvænt sveitarfélag. Borgarstjórn felur borgarráði að kynna verkefnið innan Reykjavíkurborgar og fyrir Reykjavíkurráði ungmenna eins og reglur um barnvænt sveitarfélag kveða á um. Að því loknu verði tillaga um formlega innleiðingu á barnvænu sveitarfélagi lögð fyrir borgarstjórn.

Greinargerð

Markmið tillögunnar er að Reykjavíkurborg skuldbindi sig til að vinna markvisst að því að verða barnvænt sveitarfélag með formlegum hætti, í samvinnu við UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytið. Fyrsta skrefið í þá átt er staðfesting borgarstjórnar á því að hefja þá vegferð að verða barnvænt sveitarfélag. Það krefst þess að þverpólitískt samþykki sé til staðar. Að því loknu þarf að kynna verkefnið fyrir stjórnarsýslu og starfsfólki Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurráði ungmenna, tryggja aðkomu barna og ungmenna að vinnunni og móta tillögu um formlega innleiðingu á verkefninu barnvænt sveitarfélagi sem lögð verður fyrir borgarstjórn til samþykktar. Mikilvægt er að tillaga um innleiðingu á verkefninu sé lögð fram í þverpólitískri sátt að loknum kynningum á verkefninu til þess að skapa samstöðu innan borgarinnar og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

Barnvæn sveitarfélög byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem snýr að því að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti inn í alla stjórnarsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Með ákvörðun um þátttöku skuldbindur borgin sig til þess að gera sáttmálann að rauðum þræði í allri sinni starfsemi og stefnumótun. Verkefnið hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá árinu 1996 en það byrjaði hér á landi árið 2016. Síðan þá hafa 23 sveitarfélög héraðs ákveðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið hefur oft verið til umræðu innan stjórnarsýslu borgarinnar og svið borgarinnar almennt tekið jákvætt í verkefnið. Formleg ákvörðun um aðild að verkefninu hefur þó ekki verið tekin.

Reykjavík er stærsta sveitarfélag landsins og ber ríka ábyrgð á farsæld barna og að réttindum barna sé fylgt í allri stjórnarsýslu borgarinnar. Með því að taka þátt í verkefninu sýnir borgin skýran vilja til að setja börnin í borginni í forgang og uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt Barnasáttmálanum. Reykjavíkurborg á að hafa metnað til þess að vera leiðandi á meðal borga á heimsvísu þegar kemur að innleiðingu á barnasáttmálanum og þar með réttindum barna.





Viðtakandi: Mannréttindaskrifstofa

Sendandi: Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 17. nóvember 2025

Málsnúmer:

MSS25090012

UMSÖGN

Mat á stöðu á innleiðingu barnasáttmálans

Í bréfi frá mannréttindaskrifstofu til skóla- og frístundasviðs frá 31. október 2025 var óskað eftir umsögn frá skóla- og frístundasviði um mat á stöðu á innleiðingarferli barnasáttmálans.

Skóla- og frístundasvið hefur síðast liðin ár unnið að því að innleiða Barnasáttmálann í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í samvinnu við UNICEF í gegnum verkefnið [Réttindaskóli og Réttindafrístund](#).

Réttindaskóli og Réttindafrístund er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja barnasáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Miðað er við að innleiðingarferlið taki tvö ár á hverjum starfsstað og þremur árum eftir að viðurkenning er veitt fer fram endurmat, sé þess óskað. Á vegum skóla- og frístundasviðs eru starfandi 68 leikskólar, 38 grunnskólar, 37 frístundaheimili og 25 félagsmiðstöðvar. Þetta eru því tæplega 170 starfsstaðir í heildina sem taka þátt í innleiðingu á þessu mikilvæga verkefni.

Fyrstu starfsstaðirnir í skóla- og frístundastarfi til að fá viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli og Réttindafrístundaheimili voru Laugarnesskóli og frístundaheimilið Laugasel sem hlutu viðurkenningu UNICEF vorið 2017 og vorið 2018 hlutu Laugalækjarskóli, félagsmiðstöðin Laugó og frístundaheimilið Dalheimar viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli, Réttindafrístundaheimili og Réttindafélagsmiðstöð og er það í fyrsta sinn í heiminum sem UNICEF veitir félagsmiðstöð slíka viðurkenningu. Þróunarverkefni í samvinnu fimm leikskóla, Háskóla Íslands og UNICEF um Réttindaskóla á leikskólastigi hófst í Reykjavík árið 2022 en Ísland er fyrsta landið í heiminum sem vinnur að slíku verkefni á leikskólastigi.



Reykjavík



Staðan á innleiðingu barnasáttmálans 17. nóvember 2025

Eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík hafa þegar hlotið viðurkenningu sem Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF:

- Laugarnesskóli, frístundaheimilið Dalheimar og frístundaheimilið Laugarsel fengu viðurkenningu árið 2017, endurmat 2020 og endurmat 2023.
- Laugarlækjarskóli og félagsmiðstöðin Laugó fengu viðurkenningu 2018, endurmat 2021 og stefna á endurmat 2025.
- Vesturbæjarskóli og frístundaheimilið Skýjaborgir fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2021 og endurmat 2025.
- Melaskóli og frístundaheimilið Selið fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2023.
- Hagaskóli og félagsmiðstöðin Frosti fengu viðurkenningu 2019.
- Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland fengu viðurkenningu 2019 og hófu innleiðingu að nýju haustið 2024.
- Frístundaheimilið Frostheimar fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2023 og stefna á endurmat 2026.
- Engjaskóli og frístundaheimilið Brosbær fengu viðurkenningu 2023 og stefna á endurmat 2026.
- Borgaskóli og frístundaheimilið Hvergiland fengu viðurkenningu 2023 og stefna á endurmat 2026.
- Háteigsskóli, félagsmiðstöðin 105 og frístundaheimilið Halastjarnan fengu viðurkenningu 2024 og stefna á endurmat 2027.

Eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru í innleiðingarferli:

- Breiðagerðisskóli stefnir á viðurkenningu 2026.
- Hólabrekkuskóli, félagsmiðstöðin Hundrad&ellefu, frístundaheimilið Álfheimar og frístundaheimilið Hraunheimar stefna á viðurkenningu 2026.
- Hvassaleitisskóli, frístundaheimilið Krakkakot og félagsmiðstöðin Tónabær stefna á viðurkenningu 2026.
- Víkurskóli og félagsmiðstöðin Vígyn stefna á viðurkenningu 2026.
- Húsaskóli og frístundaheimilið Kastali stefna á viðurkenningu 2026.
- Hamraskóli og frístundaheimilið Simbað stefna á viðurkenningu 2026.
- Rimaskóli, félagsmiðstöðin Sigyn og frístundaheimilið Tígrisbæ, stefna á viðurkenningu 2026.

Lagt er til að eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hefji innleiðingu á næstu árum: Austurbæjarskóli, 100og1, Draumaland, Langholtsskóli, Þróttheimar, Glaðheimar, Álftamýrarskóli, Tónabær, Álftabær, Hlíðaskóli, Gleðibankinn, Eldflaugin, Ingunnarskóli, Stjörnuland, Fókus, Sæmundarskóli, Fjósið, Fellið, Dalskóli, Úlfabyggð, Plútó, Árbæjarskóli, Ársel, Töfrasel, Ártúnsskóli, Skólasel, Selásskóli, Víðisel, Norðlingaskóli, Holtið, Klapparholt, Fellaskóli, Vinafell, Breiðholtsskóli, Bakkasel,



Bakkinn, Ölduselsskóli, Vínahéimar, Regnboginn, Seljaskóli, Hólmasel, Vínasel, Klébergsskóli, Kátakot, Flógyn, Klettaskóli, Askja, Hekla, Gulahlíð, Brúarskóli, Hagaskóli, Frosti, Melaskóli, Selið, Foldaskóli, Fjörgyn, Regnbogaland, Vogaskóli, Vogasel, Buskinn, Réttarholtsskóli og Bústaðir.

Eftirfarandi leikskólar hlutu viðurkenningu sem Réttindaskólar UNICEF á leikskólastigi vorið 2024:

- Laugasól
- Vínagerði
- Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni/Hallgerðargötu
- Gullborg
- Ævintýraborg við Eggertsgötu

Eftirfarandi leikskólar hófu innleiðingarferli haustið 2024:

- Lyngheimar
- Hálsaskógur
- Sunnuás

Eftirfarandi leikskólar hófu innleiðingarferli haustið 2025:

- Bjartahlíð
- Klambrar
- Jöklaborg
- Berg
- Nóaborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. október 2024 var minnisblað um stöðu innleiðingar á verkefninu samþykkt þar sem kom fram að klára ætti innleiðingu á Réttindaskóla, Réttindafrístundaheimilum, Réttindafélagsmiðstöðvum og Réttindaleikskólum á leikskólastigi á næstu árum. Einnig var á fundinum lögð fram svohljóðandi bókun frá skóla- og frístundaráði:

Ráðið þakkar fyrir kynningu á stöðu innleiðingar barnasáttmálans í skóla- og frístundastarfi en Alþingi Íslendinga lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í mars 2013. Fullur vilji er hjá skóla- og frístundasviði að tryggja að öll starfsemi sviðsins muni taka mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu samningsins. Við viljum vinna markvisst að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi m.a. með því að fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna.

Samkvæmt samningi við UNICEF vegna innleiðingar Réttindaskóla, Réttindafrístundaheimila og Réttindafélagsmiðstöðvar er kostnaður skóla- og frístundasviðs tæplega 3 milljónir kr. á ári á meðan á innleiðingarferlinu stendur og rúmast sá kostnaður innan fjárheimilda sviðsins. Upphæðin miðast við tveggja ára innleiðingu fjögurra verkefna sem unnin eru sameiginlega í grunnskólum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum sem starfa með sama barnahóp. Kostnaður við





innleiðingu verkefnisins í leikskólum hefur verið fjármagnaður af B-hluta verkefni þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs.

Virðingarfyllt,
Steinn Jóhannsson
Skóla- og frístundasvið



Reykjavík, 10. desember 2025

MSS25090012

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttindaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Innleiðing barnasáttmálans á velferðarsviði

Óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um innleiðingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmálans), með bréfi mannréttindaskrifstofu, dags. 31. október 2025, sbr. samþykkt mannréttindaráðs um mat á stöðu innleiðingar barnasáttmála frá 16. október 2025.

Umsögn:

Ekki hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana með það að markmiði að innleiða barnasáttmálann í starfsemi velferðarsviðs með formlegum hætti. Sáttmálinn er þó alltaf til hliðsjónar í allri vinnu sviðsins er varðar börn.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið um formlega innleiðingu að ræða þá hefur sáttmálinn haft afgerandi áhrif í lykilverkefnum sviðsins. Má þar helst nefna velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, verkefnið Betri Borg fyrir börn, reglur um stuðning við börn og barnafjölskyldur og gerð matstækis sem notað er á miðstöðvum borgarinnar í tengslum við félagslega ráðgjöf og þjónustu, auk forvarna.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar (2021–2030): Byggir á virðingu, virkni og velferð. Áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu, snemmtæka íhlutun og samþætta þjónustu.

Reglur um stuðning við börn og fjölskyldur: Tryggja örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði, foreldrafræðslu og einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir.

Grunnmat og ráðgjöf á stöðu barns þegar grunur vaknar um frávík í þroska eða aðlögun eða líðan barns í nærumhverfi.

Betri borg fyrir börn: Verkefni sem samþættir skóla- og velferðarþjónustu í nærumhverfi barns í gegnum farsældarlögin, með tengiliði og málstjóra farsældar og snemmtæka íhlutun.

Tengsl við greinar barnasáttmálans:



Reykjavík



2. gr.: Bann við mismunun – Velferðarstefna og Betri borg fyrir börn tryggja jafnræði og menningarnæmi í þjónustu.

3. gr.: Það sem er barni fyrir bestu – Allar ofangreindar aðgerðir byggja á hagsmunum barns.

6. gr.: Réttur til lífs og þroska – Reglur um stuðning og Betri borg fyrir börn styðja þroska barns með snemmtækum stuðningi.

12. gr.: Réttur barns til að tjá skoðanir – Reglur um stuðning og Betri borg fyrir börn kveða á um að leitað sé eftir sjónarmiði barns.

19. gr.: Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu – Reglur um stuðning og samþætt þjónusta í Betri borg fyrir börn styrkja vernd barna. Barnaverndarlög.

20.gr.: Umönnun utan fjölskyldu - Barnaverndarlög

23.gr.: Fötluð börn - Reglur um stuðning og samþætt þjónusta í Betri borg fyrir börn styrkja vernd barna.

24. gr.: Réttur til heilbrigðis og félagslegrar velferðar. - Allar ofangreindar aðgerðir stuðla að snemmtækri íhlutun.

25.gr.: Vistun utan heimilis - Barnaverndarlög

26.gr.: Félagsleg aðstoð - lög um félagsþjónustu á miðstöðvum

27.gr.: Tryggja grunnþarfir - lög um félagsþjónustu á miðstöðvum

31. gr.: Réttur til leikja og menningar – Allar ofangreindar aðgerðir styðja þátttöku í frístundastarfi.

40.gr.: Börn sem brjóta lög - Barnaverndarlögin taka á því.

